

Reykjavík  
9.janúar 2006

**Umsögn um þingsályktunartillögu um öryggi og varnir Íslands, 40. mál á 132 löggjafarþingi**

Samtök herstöðvaandstæðinga fagna því að fram sé komin tillaga um að gera opna og lýðræðislega úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi. Samtökin hafa um árabil bent á nauðsyn þess að þingheimur bregðist við þeirri staðreynd að stríðsátökum í Kóreu sé lokið, en það var yfirlýst forsenda hins svokallaða varnarsamnings frá 1951. Mikilvægt er að Alþingi eigi frumkvæði að því að brugðist sé við nýrri skipan alþjóðamála, fremur en að sú vinna eigi sér stað innan lokaðra stofnana og af hálfu embættismanna sem ekki hafa lýðræðislegt umboð til stefnumótunar í þessum mikilvæga málaflokki.

Að sjálfsögðu er mikilvægt að tekið sé mið af reynslu nágrannaþjóða og er vel til fundið að nefna Írland í því samhengi, þar sem Írar hafa kosið að starfa utan hernaðarbandalaga án þess að meiri ógn steðji að landinu af þeim sökum en t.d. Íslandi. Hlutleysisstefna Íra hefur gert þeim kleift að móta utanríkisstefnu sem tekur meira mið af almannavilja en afstaða ríkja sem eru innan NATO og eru rígbundin af samþykktum þess. Til að mynda hefur Írland greitt atkvæði með tillögu um útrýmingu kjarnorkuvopna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en Íslendingar hafa verið í þeim fámenna hópi ríkja sem greitt hafa atkvæði gegn slíkri tillögu eða setið hjá.

Engar vísbendingar eru um að sú afstaða sé í samræmi við vilja íslensku þjóðarinnar, hér hefur aðild Íslands að NATO einfaldlega í för með sér að utanríkisstefna Íslands mótast af öðrum hagsmunum en meirihlutavilja fámennrar þjóðar í viðkvæmu vistkerfi á Norður-Atlantshafi. Í því sambandi má vísa til undirtekta sveitarstjórna víða um land við áskorun Samtaka herstöðvaandstæðinga fyrir nokkrum misserum um að þau friðlýstu sig fyrir kjarnorkuvopnum, en meira en 90% landsmanna búa nú í friðlýstum sveitarfélögum.

Enda þótt samþykkt tillögunnar vísi til framfara er ekki þar með sagt að Samtök herstöðvaandstæðinga geti tekið undir allt sem fram kemur í greinargerð þeirri sem tillögunni fylgir. Þar ber ennþá á tregðu við að taka stöðu og hlutverk NATO á nýjum tímum til róttæks endurmats. Ljóst er að loftárásir á Júgóslavíu vonð 1999 hafa vakið upp spurningar um eðli bandalagsins og tilvist þess. Starf NATO sem undirverktaka Bandaríkjahers í Afganistan gerir þetta bandalag sömuleiðis að ótrúverðugum aðila til annarra verka en að framkvæma þá pólitík sem ákveðin er hverju sinni í Washington. Brýnt er að þingheimur geri sér grein fyrir eðli og tilgangi NATO ef ætlunin er að taka utanríkisstefnu Íslands til gagnrýnnar og löngu tímabærrar endurskoðunar.

F.h. miðnefndar Samtaka herstöðvaandstæðinga  
Stefán Pálsson, formaður